

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	25.01.2016
Málalýkill	09,20
Mál nr.	1601505



Garðabær
Pósthólf 40
212 Garðabær

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 22. janúar 2016
Tilv.: UMH16010109/0011

Að undanfögnu hefur á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins staðið yfir vinna við breytingar á byggingarreglugerð nr. 112/2012 sem miða að því að lækka byggingarkostnað vegna íbúða. Er vinna þessi í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar um aðgerðir á sviði húsnæðismála, í tengslum við gerð kjarasamninga sl. vor.

Helstu tillögur að breytingum felast í að fjölgað verði framkvæmdum sem undanþegnar eru byggingarleyfi auk þess sem nákvæmar stærðarkröfur íbúða verði felldar niður, sveigjanleiki aukinn og ákvæði reglugerðar einfölduð. Þá verði stærðarkröfum vegna snúningshrings hjólastóla breytt, gerð krafa um minni bílastæði fyrir fatlaða og fækkun þeirra við íbúðarhúsnæði auk þess sem kröfur varðandi stiga og handrið verði einfaldaðar. Gerð er tillaga um að rýmka kröfur um lofthæð og birtuskilyrði, dregið verði úr kröfum um svalir og bætt verði við nýju búsetuformi þar sem minni kröfur verði gerðar um aðgengi. Loks verði ákvæði um sorpgeymslur og sorpflokkun einfölduð og breytingar gerðar á kröfum um loftræsingu.

Ráðuneytið óskar hér með eftir umsögn um framkomin drög sem er að finna á heimasíðu ráðuneytisins, <https://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/tillogur-ad-breytingum-a-byggingarreglugerd-til-kynningar>. Umsagnir berist eigi síðar en 10. febrúar nk. annað hvort bréflega eða með tölvupósti á netfangið postur@uar.is með efnislinunni: **Breytingar á byggingarreglugerð**. Stefnt er að því að úrvinnslu umsagna verði hraðað eftir föngum og að breytingar á byggingarreglugerðinni taki gildi sem fyrst.

Þeir sem óska eftir að fá útprentað eintak sent er bent á að hafa samband við Láru Kristínu Traustadóttur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í síma 545 8600 eða með tölvupósti til lara.k.traustadottir@uar.is.

Fyrir hönd ráðherra



Hafsteinn Pálsson